

**Alþingi**  
**Umhverfis- og samgöngunefnd**  
**v. Austurvöll**  
**150 Reykjavík**  
**umsagnir@althingi.is**

Reykjavík, 20. mars 2025

**Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 (samræming við EES-reglur)**

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem er ætlað að færa lögin nær þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru í tilskipun þeirri sem lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana byggja á.

Annars vegar er lagt að samræma lögin og tilskipunina varðandi umhverfismat skipulagsáætlana, þannig að þær þurfi eingöngu að fara í mat á umhverfisáhrifum ef þær „marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda...“ sem tilgreindar eru í lögnum.

Hins vegar er lagt til að samræma lögin við tilskipunina varðandi lengd og þvermál leiðslna til flutnings á efnum/efnasamböndum.

Samorka hefur til lengri tíma lagt áherslu á að einfalda og flýta leyfisveitingarferlum og ekki sé gengið lengra við innleiðingu EES-reglna en nauðsynlegt er. Þær breytingartillögur sem birtast í frumvarpinu eru einfalt skref í rétta átt og sjálfsgöðar breytingar á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Full ástæða er þó til að benda á þá umfjöllun sem birtist í greinargerð með frumvarpinu þar sem raktar eru ábendingar um fleiri breytingar sem mikilvægt er að gera á umræddum lögum. Er þar til að mynda um að ræða eftirfarandi matsskilyrði:

	<b>Íslensk löggjöf</b>	<b>Evróputilskipun</b>
Hitaafköst varmaorkuvers	50MW	300MW
Stíflur	3 ferkílómetrar	10 milljónir rúmmetra
Raflínur	132 kv.	220 kv.

Samorka leggur áherslu á að flýtt verði skoðun á framangreindum matsskilyrðum og þau færð til samræmis við tilskipunina.

Mikilvægt er að draga fram að flókið, ófyrirsjáanlegt og langt leyfisveitingarferli eykur kostnað og áhættu af öllum framkvæmdum. Þannig er einföldun regluverks og stytting leyfisveitingarferla leiðarstef í að tryggja sjálfbærni, orkuöryggi og samkeppnishæft raforkuverð hjá Evrópuþjóðum. Þannig hefur Evrópusambandið til að mynda boðið að breyta verði regluverki um umhverfismat

framkvæmda og áætlana til að einfalda og stytta leyfisveitingarferla fyrir uppbyggingu grænnar orkuframleiðslu og tengdra innviða<sup>1</sup>.

Til að tryggja forystu Íslands sem sjálfbært og grænt samfélag og áframhaldandi velferð og vöxt hagkerfisins er nauðsynlegt að grænar orkuframkvæmdir komist til framkvæmda.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og lýsir yfir vilja til að mæta til fundar við umhverfis- og samgöngunefnd og ræða þau sjónarmið sem hér koma fram og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

---

<sup>1</sup> Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions. Action Plan for Affordable Energy. 26.02.2025. *Unlocking the true value of our Energy Union to secure affordable, efficient and clean energy for all Europeans.*